

26. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 11. apríl 2016 kl. 13-16 á skrifstofu sveitarstjóra á Hvolsvelli.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins.

Ásgeir formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

- Verkefnastaða – Brynja fór yfir málin
 - Vinnu miðar vel áfram varðandi ábendingar frá úttektaraðilum
 - Gott samstarf við tengiliða jarðvangsins í héraði (Árný Lára, Þorbjörg/Unnur, Þórdís)
 - Unnið að umsóknum í sjóði (SASS/Pálmi Jónsson) varðandi sýningu í Brydebúð og Geo-skóla
 - Samningar vegna notkunar á lógó – enginn í höfn ennþá. Eva Björk kynnti hugmyndir um lágmark 50.000 kr/ári, hámark 250.000 kr/ári (veltutengt). Forsenda samt að kynna þetta mjög vel, álitamál hvort þetta hafi e.t.v. áhrif á gjöld aðilanna til Markaðsstofunnar. Umræða um að tengja þetta gæðaviðmiðum (t.d. Vakann), náttúruvernd og tilteknum markhópum ferðapjónustunnar. Ljóst að margir ferðamannastaðir jarðvangsins eru í verulegri hættu vegna ágangs ferðamanna, gríðarleg fjölgun þeirra nú í vetur. Spurning hvernig hægt er tengja betur saman jarðvanginn, fyrirtækin og ábyrgar úrbætur á þessu sviði.
 - Kynnt voru drög að jarðfræðikorti jarðvangsins, unnið verður áfram að þeim, m.a. í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð. Ábending um að e.t.v. hafi geosites verið fækkað um of á síðasta stjórnarfundi.
 - Kynnt drög að nýjum fræðsluborðum (sbr. styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða).
 - Rætt um áreiti blaða, tímarita o.fl. varðandi óskir um auglýsingar. Sampykkt að halda öllu slíku í algjöru lágmarki og skoða málið betur, t.d. með Markaðsstofu Suðurlands.
 - Samstarf um geoskóla ekki farið af stað.
- Fjármál
 - Síðasta greiðsla hefur borist frá SASS (styrkur frá 2015)
 - 10 mkr styrkur hefur fengist frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða
 - Enn skortir talsvert á að fjármögnun jarðvangsins 2016 sé fullnægjandi
 - 0,8 mkr af 1 mkr styrk varðandi Geoskóla hefur borist
 - Finna þarf nýjan bókara fyrir jarðvanginn
 - Framkv.stjóri óskar eftir að stofnaður verði sérstakur reikningur fyrir styrkjafé. Bent var á að hægt eigi að vera halda utan um slík mál í gegnum einn reikning, sbr. sveitarsjóði o.s.frv.
 - 0,3 mkr vegna verndunar jarðminja frá Umhverfisstofnun
 - 1,5 mkr vegna GeoVR sýningar og myndbandsupptöku (samb. styrkur en verður ekki greiddur fyrr en að verkefni loknu)
 - Ganga þarf frá útgáfu kreditkorts fyrir jarðvanginn og huga að símamálum.
- Sýnileiki og trúverðugleiki jarðvangsins
 - Að mati framkvæmdastjóra þurfa sveitarfélögin að hafa jarðvanginn meira með í ráðum þegar kemur að skipulagsmálum þar sem geosite koma við sögu (vísað m.a. til fyrirkomulagsins hjá Reykjanes Geopark), m.a. í ljósi samskipta við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Skipulagsvaldið er hjá einstökum sveitarfélögum og einstakir landeigendur hafa líka um það að segja hvernig uppbyggingu ferðamannastaða í þeirra eigu er háttað. Málið er því í eðli sínu flókið. Framkvæmdastjóri beinir því til stjórnarinnar að huga nánar að þessum málum.

- Management plan jarðvangsins
 - Framkvæmdastjóri leggur til að hún hefji vinnu við þetta í haust. Skilgreina þarf aðkomu hagsmunaðila í þessu sambandi (skipulagsfulltrúar, sveitarstjórnir, landeigendur, lögreglan o.fl.)
- EGN bók, 2. útgáfa
 - Ákveðið að kaupa 100 eintök. Nýtast m.a. sem gjafir til samstarfsaðila.
- Jarðvangsvika
 - Kynnt drög að dagskrá vikunnar.
- Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra
 - Í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra var rætt um endurskoðun hans. Formanni falið að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 16.